

Mál nr. 398/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar O.

Vatnstjón í kjallara húss þegar verið var að vinna við hitaveitulögn 8.11.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 7.12.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segir að vatn hafi flætt niður í kjallara húss hans við Víkurbakka í Reykjavík þar sem starfsmenn O voru að skipta um hitaveitulögn og létu heitt vatn renna inn á Víkurbakkann þannig að niðurföll höfðu varla eða ekki undan. M telur að niðurfall fyrir framan hús hans hafi verið eitthvað laskað og segir M að farið hafi verið fram á að þetta yrði skoðað en það hafi ekki verið gert. Þá liggur fyrir að dæla sem er í niðurgröfnu rými í húsi M hafði ekki undan og sló rafmagn fyrir dæluna út í kjölfarið þegar vatn fór yfir spennubreyti á gólfinu. M segir að vatnstjón hans sé a.m.k. 250 þúsund. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. Af hálfu O er því haldið fram að starfsmenn O hafi farið að öllu leyti eftir reglum og vatn hafi verið kælt og þess gætt að vatn rynni ekki inn á lóðir. O hafnar því að starfsfólk fyrirtækisins hafi gert mistök við framkvæmd þess verks sem unnið var í umrætt sinn í Víkurbakka í Reykjavík. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M þurfi að sanna að vatn hafi komist í kjallara húss hans vegna atvika sem O og/eða starfsfólk hans beri skaðabótaábyrgð á. Þá segir V að engin gögn liggi fyrir sem staðfesti að dælan í niðurgrafna rými húss M hafi ekki haft undan því mikla vatnsmagni sem M segir að hafi komið inn og telur V ósannað hvað olli bilun á dælunni.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð og engin gögn lögð fram af hálfu M sem sanna eða gera sennilegt að O eða starfsfólk O beri ábyrgð á því vatnstjóni sem hann varð fyrir 8.11.2016. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 17.1.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.